

Erindisbréf **nefndarmanna í ráðgjafarnefnd Landspítala**

Ráðgjafarnefnd Landspítala er skipuð af heilbrigðisráðherra til fjögurra ára í senn á grundvelli 2. mgr. 20. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu. Nefndin er skipuð níu mönnum, þ. á m. fulltrúum notenda þjónustunnar, og jafnmörgum til vara.

1. gr.

Tilgangur

Tilgangur með starfsemi nefndarinnar skal vera að efla tengsl Landspítala við þjóðfélagið og möguleika notenda þjónustunnar til að hafa áhrif á starfsemi og þjónustu Landspítala.

2. gr.

Ráðgjafarhlutverk

Nefndin skal vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðgjafar og álits um þjónustu, starfsemi og rekstur spítalans.

3. gr.

Sérstök verkefni ráðgjafarnefndarinnar

Auk ráðgjafarhlutverks skal nefndin m.a. hafa eftirtalin verkefni með höndum:

1. Umfjöllun um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir Landspítala.
2. Umfjöllun langtímastefnumótun Landspítala.

4. gr.

Framkvæmdaráð ráðgjafarnefndar Landspítala

Ráðherra skipar tvo menn úr hópni nefndarmanna í framkvæmdaráð ráðgjafarnefndarinnar og eru þeir formaður og varaformaður ráðsins.

Hlutverk framkvæmdaráðs er að undirbúa mál til framlagningar á fundum nefndarinnar í samræmi við erindisbréf þetta og ákvarðanir nefndarinnar.

5. gr.

Fundir ráðgjafarnefndarinnar

Fundir ráðgjafarnefndarinnar skulu haldnir eftir þörfum en eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Formaður boðar til funda í samráði við forstjóra Landspítala.

Forstjóri og fulltrúar í framkvæmdastjórn Landspítala skulu sitja fundi ráðgjafarnefndarinnar eftir því sem við á.

6. gr.

Upplýsingar

Ráðgjafarnefndin skal við framkvæmd starfa sinna hafa aðgang að þeim upplýsingum sem henni eru nauðsynlegar um starfsemi og þjónustu Landspítala.

7. gr.

Gildistími

Erindisbréf þetta gildir þar til ráðherra ákveður annað.

Velferðarráðuneytinu, 21. júní 2018.